

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 584/2001, um úrræði til að bregðast við greiðsluvanda vegna lána Íbúðalánasjóðs.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem verður svohljóðandi: Úrræðum samkvæmt reglugerð þessari verður einnig beitt til að bregðast við greiðsluvanda lántakanda lána sem Íbúðalánasjóður hefur yfirtekið af fjármálastofnunum á grundvelli 2. mgr. 15. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr. reglugerðarinnar:

- Á eftir 1. málsl. 1. mgr. 10. gr. reglugerðarinnar bætist nýr málslíður sem orðast svo: Einnig er heimilt að fresta greiðslum afborgana af höfuðstól þannig að eingöngu séu greiddir vextir og verðbætur af vöxtum.
- Við 3. mgr. 10. gr. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Skilmálabreyting tekur gildi þegar þinglýstur viðauki hefur borist Íbúðalánasjóði.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 7. mgr. 48. gr. laga nr. 44/1998, um húsnæðismál, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. október 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Geir Ágústsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.